

Mál nr. 77/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot dags. 3. mars 2023.
2. Bréf V dags. 24. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að hinn 25. september 2022 hafi trampólín í eigu M fokið og valdið skemmdum á tveimur bifreiðum í eigu nágranna hans. Fyrirliggjandi eru tjónstilkynningar eigenda bifreiðanna til V. Þá eru fyrirliggjandi tölvupóstsamskipti M og V þar sem M lýsir aðstæðum svo að trampólínið hafi verið fest niður með átta hælum og staðið þannig, að því er hann hafi talið í góðu skjóli, í tvö ár. Hafi M því talið nokkuð öruggt að það færi ekki á flug, hvað þá á næsta bæ. Á grundvelli þess hafnaði V, með tölvupósti dags. 8. febrúar 2023, bótaskyldu þar sem frágangur trampólínsins hefði verið eðlilegur og forsvaranlegur. Hafi því verið um óhappatilvik að ræða sem M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna. Í málskoti byggir M á því að einstaklingar hljóti að vera bótaskyldir þegar munir í þeirra eigu valda öðrum einstaklingum tjóni. Eins og staðan sé núna falli bótaábyrgð á hann persónulega þrátt fyrir að hann hafi talið sig njóta góðrar tryggingarverndar. Þá kemur fram í málskoti að M telji trampólínið ekki hafa verið nægilega vel fest niður miðað við veðuraðstæður, en hann hafi ekki náð að taka það niður áður en vindur varð svo mikill að það færi.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þá afstöðu að ekki verði séð að frágangur trampólínsins verði metinn M til sakar, en byggja verði á upphaflegri lýsingu hans, eins og hún hafi komið fram í tölvupósti dags. 31. janúar 2023, um frágang þess.

Álit.

Í 2. kafla skilmála vátryggingar þeirrar sem um ræðir er fjallað um ábyrgðartryggingarlið hennar. Þar kemur m.a. fram, sbr. 1. og 3. gr., að vátryggingin taki til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggða samkvæmt lögum en einstaklingar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Það er því ekki svo að einstaklingar beri almennt hlutlæga bótaábyrgð vegna tjóns sem kann að verða vegna muna í þeirra eigu, heldur þarf að koma til sök. Í því tilviki sem hér er til úrlausnar þyrfti því að vera sýnt fram á að M hafi að einhverju leyti vanrækt skyldur sínar, þ.e. með ófullnægjandi frágangi trampólínsins, eða með því að bregðast ekki við aðstæðum með viðunandi hætti. Ella verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem M beri ekki skaðabótaábyrgð vegna.

Hvað fyrri atriði varðar verður að byggja á fyrstu frásögn M, eins og hún kom fram í tölvupósti hans til V hinn 31. janúar 2023, þ.e. að trampólínið hafi verið fest niður með átta hælum, að því er talið var í góðu skjóli og hafi það staðið þannig í tvö ár. Verður ekki séð að þessi lýsing bendi til annars en að frágangur trampólínsins hafi verið eðlilegur og fullnægjandi, og verður hann ekki metinn M til sakar.

Hvað seinna atvikið varðar kemur fram í málskoti að stormur hafi verið á tjónsdegi. Engar nánari upplýsingar um veðurfar eða hugsanlegar viðvaranir vegna þess eru meðal málsgagna fyrir nefndinni. Liggur því ekkert fyrir um að aðstæður hafi verið með einhverjum þeim hætti að það verði metið M til sakar að hafa ekki brugðist við þeim.

Er því samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að skaðabótaskylda sé fyrir hendi og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr fjölskyldutryggingu M hjá V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir